

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 1. apríl 2011
Tilvísun: 2011030015/50.11
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um ferðamannaáætlun
2011-2020, 467. mál**


Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 24. mars 2011, þar sem óskað er um sagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um ferðamannaáætlun 2011-2020, 467. mál. Orkustofnun hefur kynnt sér efni umræddrar tillögu til þingsályktunar og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemd varðandi hana.

Að mati Orkustofnunar er mikilvægt á að við mótun ferðamannaáætlunar verði tekið tillit til orkunýtingar þannig að þar á milli verði ekki skörun sem skerði möguleika hvors þáttar til nýtingar til lengri tíma. Orkustofnun bendir á að undanfarin ár hefur tekist vel að samtvinna orkunýtingu og ferðaþjónustu og nægir þar að nefna aðgengi almennings og ferðamanna að orkumannvirkjum, uppbygging ferðaþjónustu sem tengist orkuvinnslu og innviðir orkuframleiðslu sem hafa skapað aðgengi að nýjum lendum fyrir útivist og ferðamennsku. Er því ljóst að þessir flokkar hafa möguleika á því að þróast í sátt hvor við annan án þess þó að nýting þeirra á tilteknum svæðum sé útilokuð. Í raun má skoða hvort ekki sé kominn tími til að þessum áætlunum sé steipt saman í heildstæða landnýtingaráætlun fyrir Ísland þar sem orkuiðnaður, smagöngur, ferðamennska, sjávarútvegur, landbúnaður, námuvinnsla, menningarminjar, þjóðgarðar o. fl. verði metin í samhengi við náttúruvernd og friðun.

Með vísan til framanritaðs vekur Orkustofnun athygli á að við vinnu 2. áfanga Rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða voru settir á laggirnar sérstakir faghópar verkefnisstjórn til aðstoðar við mat virkjunarkosta í 2. áfanga. Þar á meðal var skipaður faghópur II, þ.e. „Ferðaþjónusta, útivist og hlunnindi“, sem fór með það verkefni að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á ferðaþjónustu, útivist, landbúnað og hlunnindi. Liggur því þegar fyrir ákveðin vinna hvað varðar samspil orkunýtingar og ferðaþjónustu og telur Orkustofnun að sú vinna kunní að nýtast við undirbúning ferðamannaáætlunar.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu til þingsályktunar að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra


Lárus Ólafsson
yfirlögfræðingur